

Vopnafjarðarhreppur  
Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður

Reykjavík, 17. nóvember 2022  
UST202202-329/K.K.  
08.14.02

### **Efni: Reglubundið eftirlit þann 24. ágúst 2022 – Vopnafjarðarhreppur, Búðaröxl**

Þann 24. ágúst 2022 fór fram eftirlit á urðunarstað Vopnafjarðarhrepps að Búðaröxl. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### **Eldir frávik**

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi tvö eldri frávik:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi, einn olúgeymir er enn á svæðinu og talsvert meira rúmmál af brotamálmi er geymt á svæðinu en það sem rúmast í einum gámi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila eru á urðunarstaðnum tómir olútankar frá N1 sem hafa ekki enn verið fjarlægðir þrátt fyrir ítrekanir um að það sé gert. Síðustu upplýsingar sem lágu fyrir var að stefnt væri á að fjarlægja þá.**
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi, vatn safnast í úrganginn þar sem hann að vissu marki er urðaður neðan grunnvatnsyfirborðs. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hafa skurðir verið grafnir og hreinsaðir en staðan á grunnvatni sé mjög breytileg eftir tíðarfari.**

**Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varða:**

1. Gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr viðauka I, II og IV, skal hafa gilt starfsleyfi. Niðurrif bíla er starfsleyfisskylt hjá heilbrigðiseftirliti sbr. tl. 74 í viðauk IV.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. desember 2022.**

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer  
*Sérfræðingur*

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
*Lögfræðingur*